



Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV) Þriðjudaginn, 22. september 2009

Fundur var haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduós bæjar 22. september 2009, kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal.
Þórður Pálsson formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Heiðrún Bjarkadóttir ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

Dagskrárliður 1

Valgarður Hilmarrson sækir um leyfi til að byggja sólpall og setja upp heitan pott við hús sitt á fasteigninni Húnabraut 32.

Afgreiðsla:

Valgarður vísar af fundi.

Nefndin samþ. þessa umsókn.

Dagskrárliður 2

Bréf Jónasar Skaftasonar frá 10. ágúst 2009

Bæjarráð 17. ágúst 2009 vísar bréfi dags. 10. ágúst til Skipulags, byggingar- og veitunefndar til frekari afgreiðslu.

Afgreiðsla: Nefndin hafnar þessu alfarið og gefur Jónasi 10 daga frest eða til 02. okt. 2009 til að fjarlægja húsið. Að öðrum kosti gilda ákvæði byggingareglugerðar.

Dagskrárliður 3

Kristján Blöndal leggur fram fyrirspurn um iðnaðarlóð við ræktað land nr. 68. Árið 1994 var lóðinni breytt í iðnaðarlóð undir dýraspítala. Kristján spyr hvort það megi nota húsið undir trésmíðaverkstæði og fyrir bílamálun.

Afgreiðsla: Nefndin telur óeðlilegt að þessari lóð sé breytt í þá starfsemi sem óskað er eftir í erindnu þar sem afnot á húsnæðinu er ekki í samræmi við leigusamning lóðar. Nefndin vísar erindinu til afgreiðslu bæjarstjórnar.

Dagskrárliður 4

Rúnar Örn Guðmundsson sækir um stöðuleyfi fyrir geymslugám á planinu við hjólbarðaverkstæðið að Efstubraut 2.

Afgreiðsla: Nefndin hafnar þessu.

Dagskrárliður 5

Erlendur F. Magnússon sækir um eftirfarandi breytingar við húsið Brimslóð 8.

1. Stöðuleyfi fyrir tvö 17.7 m² gámahús. 2. Styrkingu á þvottahúspaki fyrir heitan pott með handriði umhverfis hann. 3. Hurð út á þvottahúspak.

Afgreiðsla: Nefndin hafnar þessu.

Dagskrárliður 6

Kári Kárason sækir um leyfi til að breyta útliti á gluggum hússins að Hlíðarbraut 13 samkv. meðfylgjandi teikningu.

Afgreiðsla: Nefndin samþykkt breytingar á íbúðahúsnæðinu en felur byggingarfulltrúa að ræða við Kára vegna bílskúrs og vísar því til næsta fundar.

Dagskrárliður 7

Byggingarfulltrúi leggur fram tillögu af nýju deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð við Skúlabraut, Smárabraut og Sunnubraut.

Afgreiðsla: Nefndin samþykkir að auglýsa þessa tillögu.

Dagskrárliður 8

Byggingarfulltrúi leggur fram frumdrög af deiliskipulagi fyrir Holtabraut/ Ennisbraut og tillögu af skipulagi við Blöndubbyggð og Hnjúkabyggð.

Afgreiðsla: Nefndin lýsir ánægju sinni með þessa vinnu.

Dagskrárliður 9

Önnur mál:

- a. Byggingarfulltrúi fór yfir þær lóðarumsóknir sem borist hafa.



Afgreiðsla:
Nefndin frestar úthlutun.

b. Páll Kristjánsson sækir um lóð undir atvinnuhúsnæði.

Afgreiðsla:

Byggingafulltrúa og formanni Skipulags -bygginga og veitunefndar er falið að tala við Pál Kristjánsson vegna lóðar undir atvinnuhúsnæði og finna lausn á hans málum.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:40

Þórður Pálsson (sign)

Margrét Einarsdóttir (sign)

Gauti Jónsson (sign)

Valgarður Hilmarsson (sign)

Andrés Leifsson, slökkviliðsstjóri (sign)

Stefán Árnason, byggingarfulltrúi (sign.)

Heiðrún Bjarkadóttir (sign.)